

Brýnið

*Fréttabréf Félags áhugamanna um tréskurð 1 tbl. 31.
árgangur 2026*

Kæru félagar!

Félagið okkar mun fagna 30 ára afmæli á þessu ári 2026 og ber því að fagna með glæsilegri afmælis-vorsýningu helgina 25-26 apríl. Að því tilefni þá óskum við eftir því að þeir félagsmenn sem hafa áhuga á því að vera með verk á 30 ára afmælisvorsýningunni okkar, sendi inn, a.m.k. 3-5 myndir, af verkum til sýningarnefndar F.Á.T. Sýningarnefndin mun svo velja til þau verk sem verða á sýningunni, sendið myndir á pósthfangið: treskurd@gmail.com

Aðalfundur félagsins 2026 verður haldin 21. febrúar næstkomandi og hvet ég alla félagsmenn sem hafa tæk á því, að mæta. Dagskrá aðalfundar er auglýst hérna inni í Brýninu.

Árið 2025 var annasamt og skemmtilegt. Við fórum í skemmtilega ferð í haust inn í Landsnámssetrið í Borgarnesi og á sýningu hjá Ingibjörgu Ágústsdóttir í Stykkishólmi, sýningin „Góðir hálsar“. Einnig mættum við á sýningu inni í Listasafni Sigurjóns í Laugarnesinu, sem var að allra mati stórkostleg, meira um það í Brýninu.

Félagsmenn eru hvattir til að senda Brýninu okkar greinar um tréskurð eða skylt efni og koma með ábendingar eða hugmyndir hvað mætti taka upp í félagsstarfinu. Félagið verður aldrei virkara en félagsmenn þess eru og vonast ég til að sjá sem flesta taka þátt í starfinu með okkur og hvet félagsmenn að fylgjast með nýju heimasíðunni okkar og einnig á Fésbókar síðu félagsins.

Dagskrá er auglýst á baksíðu Brýnisins ásamt aðilum í Sýningarnefnd Vorsýningar 2026.

Kærar kveðjur,
Víðir Árnason, formaður FÁT

Haustferðalag FÁT 2025

Haustferðalag FÁT, 25.10.2025.

Laugardaginn 25. október förum við í skemmtilega dagsferð vestur á land. Ókum út úr bænum (Reykjavík) í 30 manna rútu kl. 11:00 og fyrsta stopp hjá okkur var Landnámssetrið í Borgarnesi sem óhætt er að mæla með. Fengum okkur hádegisverð á veitingastaðnum Búðarklett og skoðuðum síðan sýningarnar um Landnám og Egils sögu Skallagríms. Mjög áhugaverðar sýningar sem vel má mæla með, það má segja að þetta sé falin fjársjóður sem engin má missa af.




Landnámssetrið er til húsa í tveimur af elstu húsum Borgarness sem tengd eru saman með glæsilegri tengibyggingu sem hönnuð er af Sigríði Sigþórsdóttur, arkitekt. Húsin eru í neðsta hluta gamla Borgarness, við brúarsporðinn út í Brákarey.


Myndir frá Landsnámssetrinu






Eftir góða stund inni í Landnámssetrinu þá ókum við vestur í Stykkishólm og komum við inn á Fuglasýninguna "Góðir hálsar" hjá henni Ingibjörgu Ágústsdóttur í vinnustofunni hennar í Tang og Riis. Við vorum búnir að boða komu okkar fyrirfram og var vel tekið á móti okkur. Vinnustofan var smekktfull af gestum og búið að vera fullt hús hjá henni af gestum frá því hún opnaði sýninguna um hádegið. Stórglæsileg sýningu sem er Ingibjörgu til mikilla sóma ásamt glæsilegri aðstöðu inni á vinnustofunni hennar. Við hjá FÁT þökkum henni Ingibjörgu sérstaklega fyrir góðar móttökur og ánægjulegt samtál um okkar sameiginlega áhugamál.



Ingibjörg Helga Ágústsdóttir er fædd í Stykkishólmi. Hún lærði fatahönnun í London og Kaupmannahöfn en í dag sker hún út í Linditré, verk byggð á þjóðsögum, ásamt fuglum og Freyjum á vinnustofu sinni í kjallara gamla verzlunarhúss Tang & Riis í Stykkishólmi.









Listasafn Sigurjóns Ólafssonar



Laugardaginn 22. nóvember 2025 komu félagar í FÁT saman til að skoða sýninguna „Augliti til auglitis“ í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar að Laugarnestanga 70, Reykjavík. Um þessar mundir stendur yfir sýning á nokkrum þeirra fjölmörgu portretta sem Sigurjón gerði á langri og farsælli starfsævi sinni. Sigurjón Ólafsson var án efa einn fremsti og næmasti portrett listamaður sem Íslendingar hafa átt, og vann hann jafnhliða að abstrakt- og raunsæisverkum.



Birgitta Spur, ekkja Sigurjóns, tók vel á móti okkur og sagði frá sögu safnsins og verkum listamannsins. Það var einstaklega fróðlegt og upplýsandi að fá að kynnst safninu og portrettverkum sýningarinnar beint frá Birgittu, sem þekkir verk og anda eiginmannsins af einstökum skilningi. Hún miðlaði einnig skemmtilegum sögum og atvikum tengdum listsköpun Sigurjóns, sem gerði heimsóknina bæði fræðandi og ánægjulega.

Að lokinni skoðunarferð nutu félagar kaffi og meðlætis í kaffistofu safnsins

ásamt Birgittu sem hélt áfram að fræða okkur um safnið. Kaffistofan er ekki síður einstök fyrir mikið og falletgt útsýni yfir náttúruna í kring og þar vorum við jafnframt stödd í sjálfri vinnustofu listamannsins.

Birgitta er skarpskyggn, áræðin og afar fróð, auk þess sem hún hefur víðtæka menntun í listum og sögu. Hún stundaði nám í höggmyndalist við Listaskólann í Kaupmannahöfn hjá E. Utzon-Frank og Jóhannes C. Bjerg. Auk þess lauk hún stúdentsprófi frá Menntaskólanum við Hamrahlíð og er með BA-próf í dönsku og íslensku frá Háskóla Íslands. Þá nam hún einnig listasögu bæði við Háskóla Íslands og Kaupmannahafnarháskóla á árunum 1985–86.

Listasafn Sigurjóns Ólafssonar varðveitir höggmyndir og teikningar eftir Sigurjón Ólafsson myndhöggvara, auk ýmissa heimilda um listamanninn sjálfan. Safnið gegnir jafnframt lykilhlutverki sem miðstöð rannsókna á list hans. Það var stofnað árið 1984 af Birgittu Spur, ekkju listamannsins, og var rekið sem sjálfseignarstofnun til ársins 2012, þegar það var afhent Íslenska ríkinu og varð hluti af Listasafni Íslands. Frá 1. desember 2021 hefur safnið verið rekið af rekstrarfélaginu Grímu ehf., undir stjórn aðstandenda Sigurjóns Ólafssonar.

Það er óhætt að mæla með heimsókn í Listasafn Sigurjóns Ólafssonar á Laugarnestanga. Sýningin er einstök í alla staði og safnið sannkölluð menningarperla. [Listasafn Sigurjóns Ólafssonar. \(www.lso.is\)](http://www.lso.is)




Þorvaldur Skúlason (30. apríl 1906 – 30. ágúst 1984)


var **íslenskur**

listmálari sem var einn af frumkvöðlum abstraktlistar á Íslandi

Þorvaldur Skúlason og Sigurjón Ólafsson voru nánir vinir alla ævi; kynntust fyrst á unglingsárum sínum í Reykjavík og nutu tilsagnar Ásgríms Jónssonar.



Móðir Sigurjóns
1938
LSÓ 007



Guðmundur
Thoroddsen yfirlæknir
1947
LSÓ 248



Kroppinbakur /The Hunchback 1934



Sigrún Magnúsdóttir 1930
LSÓ 1015


Að loknu námi við leiklistarskóla
Konunglega Leikhússins í
Kaupmannahöfn 1930 var hún í
heilan aldarfjórðung hin ókrýnda
drottning óperettunnar á Íslandi.



Í kaffi og meðlæti ásamt Birgittu
Spur, inni á kaffistofu safnsins.
Áttum góða stund með Birgittu
sem er afar fróð kona og gaman
að spjalla við.

Snót /A Girl 1945
LSÓ 1081





Tvær systur
Inger og Ingeborg Pedersen 1929

Aðalfundur Félags áhugamanna um tréskurð

21. febrúar 2026, klukkan 10:00-12:00

Dagskrá

Formaður setur fundinn

1. Lesin fundargerð síðasta aðalfundar

Ritari les upp fundargerð síðasta aðalfundar

Fundargerðin borin upp til samþykktar

2. Skýrsla stjórnar

Formaður flytur skýrslu stjórnar

3. Stjórn leggur fram reikninga félagsins

Gjaldkeri leggur fram reikninga félagsins

4. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga

Opnað fyrir umræðu

A. Skýrsla stjórnar lögð fram til samþykktar

B. Reikningar félagsins bornir upp til samþykktar

5. Félagsgjald fyrir næsta ár (Gjaldkeri leggur fram tillögu stjórnar til umræðu og samþykktar.

6. Lagabreytingar

Ákvörðun um slit á *Minningarsjóði um íslenska tréskera* og virkja 7. grein laga sjóðsins; „Ákvörðun um slit sjóðsins skal tekin á aðalfundi FÁT með einföldum meirihluta og renna eignir hans þá óskiptar til FÁT.“

Lög FÁT ásamt lög Minningarsjóðs um íslenska tréskera er að finna á heimasíðu FÁT;

www.treskurdur.is undir liðnum „Gerast meðlimur“

7. Kosning stjórnar

A. Kosning Formanns

B. Kosning annarra stjórnarmanna

C. Kosning skoðunarmanna reikninga og annan til vara

D. Kosning stjórnar Minningarsjóðs (ath. tillaga að breyttu fyrirkomulagi)

8. Önnur mál

Fundarslit.

30 ára afmæli 2026

Félag áhugamanna um tréskurð verður 30 ára á árinu 2026. Við ætlum að fagna afmælisárinu okkar með glæsilegri Vorsýningu á verkum félagsmanna og að þessu sinni verðum við með glæsilega sýningu í Safnaðarheimili Kópavogskirkju Borgum, 25 – 26. Apríl 2026. Sérstök sýningarnefnd á vegum FÁT óskar eftir að fá sendar myndir af verkum félagsmanna sem hafa áhuga á því að vera með verk á 30 ára afmælissýningu félagsins. Við óskum eftir 3 – 5 myndum og mun sýningarnefndin velja út úr þessum myndum frá hverjum og einum fyrir sig.

Sýningarnefnd FÁT samanstendur af:

Atli Rúnar Halldórsson, fyrir hönd Stofnun Wilhelm Beckmann.

Jón Adólf Steinólfsson, fyrir hönd félag áhugamanna um tréskurð.

Víðir Árnason, formaður FÁT félag áhugamanna um tréskurð.

Vinsamlegast sendið myndir á netfangið: treskurd@gmail.com, einnig má hafa samband beint við stjórn FÁT.



Dagskrá 2026

* **Aðalfundur FÁT** verður haldinn 21. Febrúar 2026
Í húsnæði Heimilisiðnaðarfélagsins
Nethyl 2e, 110 Reykjavík, kl. 10 -12.

Opið hús 21.mars – Karlar í skúrnum Mosfellsbæ að
Skálahlíð 7A, Litlahlíð, Mosfellsbæ, kl. 10 – 12.

* 30 ára afmælisýning FÁT verður haldinn 25 – 26 apríl 2026 ,
frá kl: 11:00 – 17:00, báða daganna í safnaðarheimilis
Kópavogs Borgum við Kópavogskirkju .
Sýnendur koma með verk sín inn í safnaðarheimili,
föstudaginn 24 apríl 2026
milli klukkan 15:00 -19:00

Fréttabréf Félags áhugamanna um tréskurð
Netfang: treskurd@gmail.com | www.treskurdur.is | [Instagram](#)

Ritstjórn er stjórn félagsins. Ábm. Víðir Árnason Stjórn FÁT

Sendandi: Félag áhugamanna um tréskurð
Pósthólf 130

